



FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS

**HEILSUGÆSLUSTÖÐIN
FJÖRÐUR
HAFNARFIRÐI
LEIGUHÚSNÆÐI
SKILAGREIN**



APRÍL 2007

EFNISYFIRLIT

1	UPPHAF VERKEFNIS	3
2	HÚSLÝSING/ HÚSRÝMISÁÆTLUN.....	3
3	TILBOÐ Í LEIGUHÚSNÆÐI	3
4	LEIGUSAMNINGUR	3
5	SAMSKIPTI Á HÖNNUNAR- OG BYGGINGARTÍMA.....	3
6	HÖNNUÐIR	4
7	BYGGINGARFRAMKVÆMDIR	4
8	BÚNAÐARKAUP	4
9	VERKLOK.....	4

1 UPPHAF VERKEFNIS

Verkefnið barst Framkvæmdasýslu ríkisins (FSR), frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, í lok janúar 2005. Óskað var eftir að FSR hefði tilsjón með leigusamningi sem Heilsugæsla Reykjavíkur hafi gert við SÍF hf. um húsnæði fyrir heilsugæslustöð að Fjarðargötu 13-15 í Hafnarfirði.

2 HÚSLÝSING/ HÚSRÝMISÁÆTLUN

Húslýsing og húsrýmisáætlun ásamt grunn- teikningum af húsnæðinu voru fylgigögn leigusamnings sem undirritaður var þann 30. desember 2004.

3 TILBOÐ Í LEIGUHÚSNÆÐI

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið lét vinna húsnæðislýsingu í samráði við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Ríkiskaup auglýsti síðan eftir húsnæði að beiðni heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis með heimild fjármálaráðuneytis. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið yfirfór tilboðin og tók ákvörðun um val á húsnæði.



Ytri klæðning.

4 LEIGUSAMNINGUR

Fjármálaráðuneytið og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið sáu um gerð leigusamnings. Leigusamningur var undirritaður 30. desember 2004, um leigu til 25 ára á 1.047.7 fermetra húsnæði að Fjarðargötu 13-15 Hafnarfirði. Afhending húsnæðis skyldi fara fram eigi síðar en 1. ágúst 2005.

5 SAMSKIPTI Á HÖNNUNAR- OG BYGGINGARTÍMA

Þar sem húsnæðið var að mestu óinnréttað, þegar leigutilboði var tekið, tilnefndu leigutaki og leigusali tengiliði til að annast samskipti milli aðila, þar til húsnæðið yrði afhent.

Leigutaki tilnefndi Guðmund Pálsson verk efna- stjóra hjá FSR og leigusali tilnefndi Benedikt Steingrímsson Fjarðarmótum ehf.

Hönnun var að mestu lokið þegar FSR kom að verkefninu og var kveðið á um að hönnun skildi allri lokið eigi síðar en 30. janúar 2005.

Haldnir voru 16 verkstöðufundir á tímabilinu 24. janúar til 20. júlí 2005 og framkvæmdar voru 2 formlegar úttektir í byrjun ágúst 2005.



Frágangur hafinn.



Eldhús á lokastigi.



Innrétting rannsóknarstofu.

6 HÖNNUÐIR

Eftirfarandi aðilar önnuðust hönnun húsnæðisins:

Arkitektastofa, ERUM arkitektar
Burðarþol og lagnir: Almenna verkfræðistofan
Raflagnir: RTS ehf verkfræðistofa



Afgreiðsluborð móttöku.

7 BYGGINGARFRAMKVÆMDIR

Framkvæmdir við innréttingu hins leigða hluta hússins hófust í janúar 2005 og lauk á þeim tíma sem leigusali hafði til ráðstöfunar.

8 BÚNAÐARKAUP

Framkvæmasýslunni var einnig falið að sjá um búnaðarkaup. Til búnaðarkaupa og til vinnu við tilsjón var heimilað 30 mkr. Um 27 m.kr. nýttust til kaupa á nauðsynlegum búnaði. Um 2 m.kr. nýttust til vinnu við búnaðarkaup og tilsjón með byggingu og um 900 þúsund eru þá ónýttar að verki loknu. Búnaðarkaup gengu vel og í fullri samvinnu við notendur stöðvarinnar.

9 VERKLOK

Heilsugæslan flutti í húsið í janúar 2006.

Staðfesting skilagreinar

Undirritaður staðfestir hér með framanritaða skilagrein fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.

Óskar Valdimarsson, forstjóri